

DalaAuður – úthlutun 2025



Styrkþegar DalaAuðs á úthlutunarhátíð 2025, ásamt verkefnisstjóra.

Alls bárust 30 umsóknir um styrki í Frumkvæðissjóð DalaAuðs árið 2025. Opnað var fyrir sjóðinn 10. desember 2024 og var frestur til að sækja um í sjóðinn til 20. janúar 2025. Til úthlutunar voru 19.250.000 kr.

Eftirtalin verkefni fengu styrk:

DAL-2025-01

**Heiti verkefnis: Prjónakaffi
Guðrún Elísabet Jóhannsdóttir**

Lýsing á verkefni: Um er að ræða viðburðaröð í Fjósínu á Stóra Múla. Haldin verða prjónakaffi þar sem sveitungum gefst kostur á að hittast, njóta veitinga og samveru og verða prjónakaffi a.m.k. fimm talsins. Þá verður einnig haldið opið hús fyrir eldri borgara annars vegar og íbúa Fellsenda hins vegar. Frítt verður inn á viðburðina.

Veittur styrkur: 130.000 kr.

DAL-2025-02

**Heiti verkefnis: Dagverðarnes - áfangastaður utan alfaraleiðar
Hollvinafélag Dagverðarneskirkju**

Lýsing á verkefni: Kirkjan í Dagverðarnesi má muna fífil sinn feegurri en síðustu ár hefur Hollvinafélag Dagverðarneskirkju og sóknarnefnd kirkjunnar unnið að endurbótum að henni. Framkvæmdin er hugsuð til að varðveita menningarminjar svæðisins en einnig til að efla það sem ferðamannastað en fjölmargir leggja leið sína að Dagverðarnesi. Ásamt endurbótum á kirkjunni sjálfri er unnið að hleðslu grjóttgarðs, gerð bílastæða, göngustígs og söguskilta á svæðinu. Með þessu er aðgengi að svæðinu aukið og betrubætt.

Veittur styrkur: 1.000.000 kr.

DAL-2025-03

**Heiti verkefnis: Dalverjans lönd - 1. Skyggst um af Skeggöxl
Eypór Ingi Jónsson**

Lýsing á verkefni: Listir og menning í einum pakka. Umsækjandi hyggst mynda Dalina á næstu árum og halda ljósmyndasýningar sem sýna margbrotið landslag svæðisins. Einnig verða haldnir tónleikar í kirkjum í Dölunum. Hluti myndanna verður gerður aðgengilegur fyrir sveitarfélagið og ferðapjóna til nota við kynningar og markaðssetningu.

Veittur styrkur: 750.000 kr.

DAL-2025-04

**Heiti verkefnis: Grafarlaug – hitastýring og öryggi
Hollvinahópur Grafarlaugar**

Lýsing á verkefni: Grafarlaug er opin laug í Reykjadal og hefur Ungmennafélagið Æskan umsjón með lauginni. Styrkurinn verður nýttur til að laga umhverfi laugarinnar og bæta þar með öryggi gesta. Þá þarf að laga hitastýringu laugarinnar.

Tilgangur uppbyggingarinnar er að skapa góðan stað fyrir Dalafólk til að hittast óháð opnunartímum sundstaða og skapa góða afþreyingu fyrir ferðamenn.

Veittur styrkur: 1.300.000 kr.

DAL-2025-05

**Heiti verkefnis: Dalamey
Sigurdís Sóley Lýðsdóttir**

Lýsing á verkefni: Nýtt handverk, unnið úr hornum, beinum og hrosshárum sem framleitt er í Dölum. Atvinnuskapandi verkefni sem snýr að framleiðslu skartgripa úr efnivið sem tengist landbúnaði svæðisins og verður til sölu á ferðamannastöðum innan Dalanna. Styrkurinn er veittur til þróunarstarfs og búnaðarkaupa.

Veittur styrkur: 900.000 kr.

DAL-2025-06

**Heiti verkefnis: Dalahvítlaukur
Svarthamar Vestur ehf.**

Lýsing á verkefni: Á Neðri Brekku í Saurbæ í Dölum ræktar Dalahvítlaukur hvítlauk með aðferð no dig/not till. Þau hafa síðustu ár byggt upp aðstöðu og ræktunarakra sína. Hér er veittur styrkur til kaupa á bragga til að stækka þurrkunaraðstöðu og vinnslurými.

Veittur styrkur: 1.000.000 kr.

**DAL-2025-07
Heiti verkefnis: Aðgengi skóga í Dalabyggð
Skógræktarfélag Dalasýslu**

Brekkuskógur er á um 6 ha svæði, sem nær frá Þjóðvegi og niður í fjöru norðan við Búðardal. Á svæðinu eru nú yfir 4 ha sem eru vaxnir um 30 ára gömlum skógi af fjölbreyttum trjategundum. Á svæðinu er verið að byggja upp um 2 km af skógarstígum sem tengjast rjóðrum og útsýnisstöðum. Markmið verkefnisins er að Brekkuskógur verði útivistarperla í Búðardal, sem laði að íbúa og gesti til útivistar og ánægju í náttúrunni. Hér er veittur styrkur fyrir áframhaldandi framkvæmdum á svæðinu, meðal annars lagningu stíga.

Veittur styrkur: 1.000.000 kr.

**DAL-2025-08
Heiti verkefnis: Músík bingó
Sælukotið Árblik**

Lýsing á verkefni: Árblik er félagsheimili í suðurhluta Dalanna og þar fer fram margskonar menningarstarf ásamt ferðapjónustu. Styrktur er stakur viðburður sem verður haldinn á Jörvagleði 2025.

Veittur styrkur: 50.000 kr.

**DAL-2025-09
Heiti verkefnis: Jólamarkaður í Árbliki
Sælukotið Árblik**

Lýsing á verkefni: Tilgangurinn er að hafa jólamarkað þar sem að einstaklingar og fyrirtæki í Dalabyggð geta komið, kynnt og selt vörurnar sínar. Einnig er tilgangurinn að hafa notalega jólastund saman og jafnvel geta keypt eitthvað í jólapakkana í heimabyggð frá heimafólki.

Veittur styrkur: 145.000 kr.

DAL-2025-10**Heiti verkefnis: Listviðburðir í Dalíu
D9 ehf.**

Lýsing á verkefni: Dalía í Búðardal hefur staðið fyrir margskonar menningarverkefnum síðastliðin ár. Tilgangur verkefnisins er að auðga mannlíf í Dalabyggð og nágrenni. Í boði verða tónleikar og aðrir listtengdir viðburðir, samtals átta talsins.

Veittur styrkur: 400.000 kr.

DAL-2025-11**Heiti verkefnis: Davíðsmótið
Guðmundur R. Gunnarsson**

Lýsing á verkefni: Davíðsmótið er Bridsmót, minningarmót til heiðurs Davíð Stefánssyni frá Saurhóli í Saurbæ. Veittur er styrkur til að halda mótið.

Veittur styrkur: 50.000 kr.

DAL-2025-12**Heiti verkefnis: Er líða fer að jólum
Jón Egill Jóhannsson**

Lýsing á verkefni: Verkefnið felst í að skipuleggja og halda jólatónleika í Dalabúð, Búðardal á aðventu 2025. Þar mun áhugafólk af svæðinu koma fram. Markmiðið er að efla menningarlíf í Dalabyggð og gera sér glaðan dag í aðdraganda jólanna. Þetta verða fjórðu tónleikarnir í tónleikaröð "Er líða fer að jólum".

Veittur styrkur: 300.000 kr.

DAL-2025-13**Heiti verkefnis: Geitafiða – afurð úr Dölunum
Guðrún Jóhannsdóttir og Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir**

Lýsing á verkefni: Geitafiða er vannýtt afurð sem fellur til í Dölunum. Geitabændur í Fagradal og Stóra Múla vilja, í samstarfi við Urði Ull, þróa verklag við að vinna band úr geitafiðu í nýrri ullarvinnslu í Dölum. Vonir eru bundnar við að með verkefninu sé hægt að tryggja fullvinnslu afurða í Dalabyggð. Styrkur er veittur til að þróa verklag við vinnsluna.

Veittur styrkur: 350.000 kr.

DAL-2025-14**Heiti verkefnis: List í Stóra-Vatnshornskirkju
Sóknarnefnd Stóra-Vatnshornskirkju**

Lýsing á verkefni: Í Stóra- Vatnshornskirkju sem á um 1000 ára sögu er styrktir tveir menningarviðburðir. Annars vegar stakur tónlistarviðburður og hins vegar sýning á handverki haukdælskra kvenna.

Veittur styrkur: 175.000 kr.

DAL-2025-15**Heiti verkefnis: Endurspeglun
Kruss menningarsmiðja ehf.**

Lýsing á verkefni: Verkefnið hefur það að markmiði að gert verði eitt útilistaverk (veggjalist) í Búðardal. Ráðgert er að verkefnið geti veitt grundvöll fyrir frekari veggjalistsköpun í Dalabyggð. Lagt er upp með að vinna verkefnið í samstarfi með heimafólki og kalla eftir tillögum þeirra við val á efnistöfum. Samstarfsaðili er kósóvóski vegglistamaðurinn Fitorá Alísdóttir.

Veittur styrkur: 1.000.000 kr.

DAL-2025-16**Heiti verkefnis: Íslensku jólasveinarnir eru úr Dölunum
Kruss menningarsmiðja ehf.**

Lýsing á verkefni: Verkefnið snýst um tengsl íslensku jólasveinanna við Dalina í gegnum skáldskap Jóhannesar úr Kötlum. Áður hefur verið veittur hönnunarstyrkur og styrkur til framleiðslu á skiltastuðlum sem settir verða upp víðs vegar um Dalina. Veittur er styrkur til afhjúpunarhátíðar á Jörvagleði 2025.

Veittur styrkur: 200.000 kr.

DAL-2025-17**Heiti verkefnis: Kortlagning á óáþreifanlegum menningararfi í Dölunum
Glimrandi ehf.**

Lýsing á verkefni: Hér er um að ræða þróun á aðferðafræði til að ná utan um óáþreifanlegan menningararf og sögur. Unnið verður að gagnasöfnun í Dalabyggð þar sem óáþreifanlegur menningararfur verður sérstaklega skoðaður og skrásettur, samtöl verða tekin við íbúa og gagnabanki settur upp í kjölfarið. Með gagnabankanum er hægt að byggja upp ýmsar miðlunarleiðir, sem nýst geta svæðinu t.d. ferðapjónustu á svæðinu.

Veittur styrkur: 900.000 kr.

DAL-2025-18**Heiti verkefnis: Jólasveinasafn
Guðlaugur S. Sigurgeirsson ehf.**

Lýsing á verkefni: Verkefnið snýst um að koma á legg jólasveinasafni í Dölum. Safnið yrði staðsett í Hörðudal, þar sem væri sýning og kaffihús. Safnið er hluti af stærri framtíðaruppbyggingu sem ferðapjónustuaðilar í Hörðudal áætla. Veittur er styrkur til að gera viðskiptaáætlun svo styrkþegi geti kannað vel rekstrarforsendur verkefnisins.

Veittur styrkur: 600.000 kr.

DAL-2025-19**Heiti verkefnis: Staðarhóll – bílastæði
Sturlufélagið**

Lýsing á verkefni: Á Staðarhóli hefur verið unnið að því að gera áfangastað og þar hefur verið sett upp skilti til heiðurs Sturlu Þórðarsyni sagnaritara. Veittur er styrkur til að gera bílastæði og bæta þannig aðgengi að staðnum.

Veittur styrkur: 500.000 kr.

DAL-2025-20**Heiti verkefnis: Hrymur – plöntuframleiðsla
Hólshlíð ehf.**

Lýsing á verkefni: Verkefnið er framhaldsverkefni. Markmið verkefnisins er að koma á fót þekkingu og aðstöðu fyrir stórframleiðslu/hátækni framleiðslu á Hrym sem er lerkiblandingur og er í dag eftirsóttasta tréð til notkunar í skógrækt á Íslandi, en framboðið er lítið. Stefnt er að því að þróa framleiðslu á Hrym enn frekar og byggja þá á líftækni aðferðum eins og frumurækt. Veittur er skilyrtur styrkur til kaupa á tækjabúnaði og vegna kostnaðar við aðstöðu.

Veittur styrkur: 500.000 kr.

DAL-2025-21**Heiti verkefnis: Göngustígar, merkingar og áningarstaðir
Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir f.h. Dalamannabrölts**

Lýsing á verkefni: Dalamannabrölt er hópur áhugafólks um gönguleiðir í Dölum. Hópurinn stefnir að því að stika nokkrar vel valdar gönguleiðir í Dölunum og koma fyrir bekkjum á völdum áningarstöðum hjá gönguleiðum. Á síðasta ári voru leiðirnar um Tinda og að Ránargili stikaðar. Nú er stefnt að því að stika og merkja nokkrar leiðir, meðal annars leiðina um Svörtukletta og leið í Laugadal í samstarfi við Dalahyttur. Verkefnið styður við ferðapjónustu og eykur tækifæri fólks til útivistar.

Veittur styrkur: 500.000 kr.

DAL-2025-22

**Heiti verkefnis: Ræktun í Bokashi jarðvegi
Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson**

Lýsing á verkefni: Í bokashi eru staðbundin lífræn hráefni nýtt í áburðargjöf og þannig er stuðlað að heilbrigði jarðvegs og sjálfbærri notkun ræktunarjarðvegs. Hér er veittur styrkur fyrir áframhaldandi þróun á aðferðinni í landbúnaði. Búið er að búa til bokashi hrauka sem nú verða nýttir til ræktunar og gerðar samanburðarprófanir á þeirri aðferð við hefðbundnar ræktunaraðferðir. Með niðurstöðunum er hægt að kanna hagnýtingargildi bokashi og þá í kjölfarið kynna aðferðina ef vel gengur.

Veittur styrkur: 1.300.000 kr.

DAL-2025-23

**Heiti verkefnis: Sögukort Dalanna: Vefur, kort, skilti
Rain Mason**

Lýsing á verkefni: Verkefnið snýst um að uppfæra og gefa út nýtt sögukort sem verður aðgengilegt á skilti í Búðardal, sem borðkort fyrir ferðamenn og sem vefur. Verkefnið mun nýtast vel sem viðbót við upplýsingagjöf fyrir ferðamenn og hvatning til að skoða svæðið nánar.

Veittur styrkur: 900.000 kr.

DAL-2025-24

**Heiti verkefnis: Uppsetning á leikverki, námskeið í tæknimálum og sviðsförðun
Leikklúbbur Laxdæla**

Lýsing á verkefni: Hér er sótt um styrk vegna uppsetningar á leikverki árið 2026. Leikklúbburinn hefur sett upp leikverk síðustu tvö ár við góðan orðstír og sýningar verið vel sóttar. Veittur er styrkur til uppsetningar leikverks og vegna námskeiðs í lýsingu-, tæknimálum og sviðsförðun.

Veittur styrkur: 800.000 kr.

DAL-2025-25

**Heiti verkefnis: Heitur reitur, heitur matur – allt sem skáti þarf
Skátafélagið Stígandi**

Lýsing á verkefni: Skátafélagið Stígandi fær hér styrk til kaupa á matartjaldi. Matartjaldið yrði nýtt á landsmótum og öðrum útiviðburðum sem skátarnir sækja. Með tjaldinu myndi aðstaða

barnanna sem stunda skátastarf batna verulega en þar væri hægt að þurrka fatnað, elda og eiga samverustundir.

Veittur styrkur: 500.000 kr.

DAL-2025-26

**Heiti verkefnis: Urður ullarverslun og vefverslun
Ingibjörg Þóranna Steinudóttir**

Lýsing á verkefni: Urður Ull er verkefni sem hefur það að markmiði að setja á fót ullarvinnslu í Döllum. Þegar hafa verið fest kaup á tækjum fyrir ullarvinnsluna, ásamt því að unnið hefur verið að vörumerki og hönnun fyrir afurðirnar. Veittur er styrkur fyrir uppsetningu á bæði verslun og vefverslun, vöruljósmyndun og merkingum.

Veittur styrkur: 1.400.000 kr.

DAL-2025-27

**Heiti verkefnis: Túngarðs-tágar
Katrín Dröfn Guðmundsdóttir og Sveinbjörn Júlíus Tryggvason**

Lýsing á verkefni: Verkefnið snýst um það að framleiða tágar á Íslandi. Tágar eru notaðar í ýmsan varning, húsgögn, körfur o.fl., og eru mestmegnis unnar úr víðiplöntum. Við ræktun á plöntum vegna tágavinnslu eru sett upp sérstök beð og plönturnar klipptar þannig að þær beri sem mest af árssprotum. Þeir eru síðan þurrkaðir og nýttir. Veittur er styrkur til að koma upp ræktunarsvæðinu og koma á legg safni móðurplantna.

Veittur styrkur: 1.000.000 kr.

DAL-2025-28

**Heiti verkefnis: Ásmundarsetur
Kristján Einvarður Karlsson**

Lýsing á verkefni: Langtíma markmið verkefnisins er að setja á legg listamannasetur á Kolsstöðum í Döllum. Við setrið er stefnt að því að setja upp högglistagarð, þar sem árlega verði bætt við högglistaverki, í samstarfi við hina ýmsu listamenn. Högglistagarðurinn verður opið sýningarrými. Veittur var styrkur til að gera viðskiptaáætlun svo styrkþegi geti skoðað vel rekstrarforsendur setursins.

Veittur styrkur: 600.000 kr.

DAL-2025-29**Heiti verkefnis: Dala Stúlka****Jasa Baka**

Lýsing á verkefni: Um er að ræða framhald af verkefni sem fékk styrk úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs árið 2024. Þá var unnið að gerð skúlptúrs sem heitir Dala Stúlka og var verkefnið unnið í samstarfi við nemendur Auðarskóla. Umsækjandi hyggst að halda áfram verkinu, klára skúlptúrinn og flytja hann og setja hann á undirstöðu í fyrirhuguðum högglistagarði að Kolsstöðum.

Veittur styrkur: 300.000 kr.

DAL-2025-30**Heiti verkefnis: Hátæknirækt****Skoravík ehf.**

Lýsing á verkefni: Viðfangsefni verkefnisins er hátækni gámaræktun. Hugmyndin er sprottin af þeim tækifærum sem ný tækni með háráæktun og LED ljósum getur skapað á svokölluðum köldum svæðum á Íslandi. Verkefnið snýst um að koma upp hátækniræktun í gámum staðsettum í þéttbýli Búðardals. Skoðaðar hafa verið mismunandi vænlegar afurðir og lagt upp með að rækta laufmeti, kryddjurtir, grænsprettur og aðrar afurðir í fyrsta fasa verkefnisins. Gert er ráð fyrir samfélagslegri þátttöku, bæði við rekstur og með almennri fræðslu til áhugasamra. Markmiðið er að gera fleirum kleift að hefja hliðstæða ræktun í sveitarfélaginu. Veittur var styrkur fyrir áframhaldandi þróunarvinnu og búnaðarkaupum.

Veittur styrkur: 700.000 kr. (Styrk var skilað)